

UPPFÆRSLA Á KJARASAMNINGUM
milli
Samtaka atvinnulífsins vegna Norðurorku
og
Rafiðnaðarsambands Íslands annars vegar og
VM Félags vélstjóra og málmtæknimanna hins vegar

1. gr.

Kjarasamningar aðila framlengist og gilda frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024 með þeim breytingum sem hér greinir.

2. gr.

Almenn launahækkun og kauptaxtar

Launahækkun sammingsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun og launataxtar almenntri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kjaratengdir liðir og desember- og orlofsuppbætur

Kjaratengdir liðir kjarasamningsins og desember- og orlofsuppbætur hækka um 5% frá sömu dagsetningum.

Hagvaxtarauki

Með framangreindum hækkunum hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019-2022.

3. gr.

Vinnutími samræmdur

Frá og með 1. febrúar 2024 verður vinnutími á viku skv. kjarasamningi 36 virkar vinnustundir. Deilitala dagvinnutímakaups verður frá sama tíma 156.

4. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings eigi síðar en miðvikudaginn 29. mars 2023.

Akureyri, 22. mars 2023

Undirritunarsíða

F.h. SA vegna Norðurorku
Guðmundur Heiðar Guðmundsson

F.h. SA vegna Norðurorku
Eypór Björnsson

F.h. SA vegna Norðurorku
Erla Björg Guðmundsdóttir

F.h. RSÍ og VM
Kristján Þórður Snæbjarnarson

F.h. RSÍ og VM
Benóný Harðarson

F.h. RSÍ og VM
Elías Wium Guðmundsson

F.h. RSÍ og VM
Halldór Gauti Kárason